

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 273 28. ágúst 1974,
um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga
á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals.**

1. gr.

1. setning 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 35.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske, fyrir árið 1983.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr.	614.00	
Búnaðarbankainnstæða	—	2 069.00	kr. 2 683.00

Vextir:

Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	295.00	
Af Búnaðarbankainnstæðu	—	1 403.00	kr. 1 698.00
			<hr/> kr. 4 381.00

Gjöld:

Styrkur til Grímseyinga			kr. 230.00
-------------------------------	--	--	------------

Sjóður til næsta árs:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr.	629.00	
Búnaðarbankainnstæða	—	3 522.00	kr. 4 151.00
			<hr/> kr. 4 381.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.